

Fundargerð 72. fundar Hafnarstjórnar

Hafnarstjórn hélt fund mánudaginn 12. Janúar 2015 kl. 10:00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mætt voru: Guðmundur K. Björnsson, formaður, Atli R. Sigurþórsson, Íris H. Sigurbjörnsdóttir, Páll Guðmundsson, Hrannar Pétursson, hafnarvörður og Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Formaður setti fund og lagði til að Íris Huld Sigurbjörnsdóttir verði ritari og Atli R. Sigurþórsson verði varaformaður. Samþykkt samhljóða. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Rekstur og fjárhagsáætlun 2015.

Bæjarritari fór yfir rekstur og fjárhagsáætlun ársins 2015. Gert er ráð fyrir auknum hagnaði frá fyrra ári og áætlað er að lokastaða ársins 2014 muni liggja fyrir í lok mars.

2. Breytingar á gjaldskrá hafnarinnar.

Hafnarvörður fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2015 og gerði grein fyrir breytingum frá fyrra ári. Umræður urðu m.a. um farþegagjald og gjald fyrir farþegavernd vegna skemmtiferðaskipa. Gjaldskrá samþykkt með áorðnum breytingum.

3. Framkvæmdir við ferjubrú.

Hafnarvörður fór yfir og gerði grein fyrir framkvæmdum við ferjubrú.

4. Deiliskipulag hafnarsvæðis og bílastæði.

Frestað til næsta fundar vegna fjarveru hafnarstjóra.

5. Önnur mál.

Bæjarritari gerði grein fyrir samningi við Sæferðir vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Nýr samningur leysir af hendi eldri samning frá 1. júlí 2008.

Fundi slitið kl. 11:20.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.),

Guðmundur K. Björnsson (sign.),

Atli R. Sigurþórsson (sign.),

Páll Guðmundsson (sign.),

Hrannar Pétursson (sign.),

Þór Örn Jónsson (sign.).